

Matvælaráðuneytið

Fundargerð

Boðandi: **Hjalti Jón Guðmundsson**
Dags: **31.05.2023**
Boðaðir: **Kolbeinn Óttarsson Proppé, Valgerður Sigurðardóttir, Sigurgeir Bárðason, Þorgils Torfi Jónsson**
Fundarmenn: **Allir mættir**
Bréfalykill: **02.02.03 Lögskipaðar nefndir, stjórnir og ráð - Fiskeldi**
Málsnúmer: **MAR22030127**

Efni: 17. fundur - Umhverfissjóður sjókvíaeldis - stjórn 2022-2026
(ÓSAMÞYKKT)

Frásögn af fundi

1. Afgreiðsla styrkumsókna

Stjórn samþykkti að styrkja samanlagt þrjú verkefni um samtals 188,3 m.kr:

- Sjálfbærni og vöktun fiskistofna í Breiðdalsá á Austurlandi (Hafrannsóknarstofnun) - 61.067.000 m.kr
- Vöktun á umhverfisáhrifum sjókvíaeldis (Hafrannsóknarstofnun) - 77.045.000 m.kr
- Burðarþol íslenskra fjarða (Hafrannsóknarstofnun) - 50.187.000 m.kr.

Stjórn bókaði eftirfarandi um afgreiðsluna:

Samkvæmt minnisblaði stafsmanns til stjórnar Umhverfissjóðs sjókvíaeldis, dagsettu 29.5.2023, er sjóðnum áætlað, skv. lögum, að fjármagna að miklu leyti lögbundin hlutverk Hafrannsóknarstofnunar. Það felur í sér þá niðurstöðu að Umhverfissjóður sjókvíaeldis er annars vegar samkeppnissjóður sem hver sem er getur sótt um styrk í til verkefna sem lágmarka umhverfisáhrif sjókvíaeldis og hins vegar hefur hann það hlutverk að fjármagna lögbundin verkefni Hafrannsóknarstofnunar, sem þarf að sækja um styrk til þeirra til sjóðsins.

Þetta fyrirkomulag hlýtur að teljast óheppilegt, þegar stærstur hluti af því fjármagni sem sjóðurinn hefur yfir að ráða fer í lögbundin verkefni Hafrannsóknarstofnunar. Sem dæmi má nefna að fyrir úthlutun árið 2023 hefur sjóðurinn 188,3 mkr. til ráðstöfunar, en sú fjárhæð sem Hafrannsóknarstofnun sækir um eru rúmar 238 mkr. og fellur stærstur hluti þeirra undir lögbundin hlutverk stofnunarinnar.

Í þessu samhengi verður að minnast á að það eykur enn frekar á flækjuna að til sjóðsins berast ekki allir þeir fjármunir sem innheimtir eru í hann. Innheimtar tekjur, sem ættu að berast sjóðnum, fyrir árið 2023 nema 335,5 mkr., en skv. fjárlögum fær sjóðurinn, eins og áður segir, 188,3 mkr. til ráðstöfunar.

Það er óheppilegt að Hafrannsóknarstofnun þurfi að sækja um í samkeppnissjóð til að standa undir sínum lögbundnu verkefnum. Það er sérkennilegt fyrirkomulag gagnvart Hafrannsóknarstofnun að það sé undir ákvörðun sjálfstæðar stjórnar samkeppnissjóðs komið hvort stofnunin fær nægt fjármagn til að standa undir lögbundnum verkefnum sínum. Eins er það óheppilegt gagnvart stjórn Umhverfissjóðs sjókvíaeldis að hún sé í þeirri stöðu að þurfa að hafna meirihluta umsókna þar sem

hendur hennar eru bundnar þegar kemur að fjármögnun á Hafrannsóknarstofnun. Þá er það ósannngjarnt gagnvart þeim fjölda umsækjanda sem setja mikla vinnu í frambærilegar umsóknir um góð verkefni sem ekki verður hægt að styrkja, þar sem allt fjármagn sjóðsins fer í lögbundin verkefni Hafrannsóknarstofnunar.

Ný stjórn tók við störfum í Umhverfissjóði sjókvíaeldis í maí 2022. Hún hófst handa við endurskoðun á úthlutunar- og starfsreglum sjóðsins og eitt af hennar fyrstu verkum var að óska eftir fundi með matvælaráðherra, m.a. um stöðu verkefna Hafrannsóknarstofnunar gagnvart sjóðnum. Formaður gerði ráðherra grein fyrir stöðunni á fundi 11. ágúst 2022. Þegar ljóst var í hvað stefndi með úthlutun ársins 2023 fundaði formaður, að tilhlutan stjórnar, aftur með matvælaráðherra 17. maí sl. Umrætt minnisblað er skrifað eftir þann fund og yfirferð ráðuneytisins á laga- og regluverki.

Er það von stjórnar Umhverfissjóðs sjókvíaeldis að þessu fyrirkomulagi verði breytt og fjármögnun lögbundinna verkefna Hafrannsóknarstofnunar fari í annan farveg.

2. Önnur mál

Stjórn ákvað að formaður, í samráði við starfsmann, muni boða til næsta fundar.

Niðurstaða og ákvarðanir

Stjórn samþykkti úthlutun ársins 2023.

Starfsmanni sjóðsins var falið að útbúa drög að tölvupósti um ákvörðun stjórnar

Tilvísun í málsnúmer og fylgiskjöl

